



SKÝRSLA STJÓRNAR

Landssambands hestamannafélaga

starfsárin 2008 – 2010

Aðalstjórn:

Formaður: Haraldur Þórarinsson
Varaformaður: Vilhjálmur Skúlason
Gjaldkeri: Maríanna Gunnarsdóttir
Ritari: Oddur Hafsteinsson
Meðstjórnendur: Sigurður Emil Ævarsson
Sigfús Helgason
Ísleifur Jónasson

Varastjórn:

Sigrún Valdimarsdóttir
Sigrún Þórðardóttir
Gunnar Sturluson
Þorvarður Helgason
Eypór Jón Gíslason

- Stjórnarfundir

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 28 formlegir stjórnarfundir og 2 símafundir. Fundargerðir stjórnarfundanna er að finna á heimasíðu LH:

<http://www.lhhestar.is>, einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu LH og fá send ljósrit af þeim.

Regína Gunnarsdóttir lét af störfum hjá LH í maí 2009 eftir 3 ára starf hjá sambandinu.

Vera Vilhjálmsdóttir vann á skrifstofu LH hluta af sumri 2010.

Framkvædarstjóri Landsmóts hestamanna ehf, Jóna Fanney Friðriksdóttir hafði aðstoðu á skrifstofu LH auk fleiri starfsmanna landsmótsins.

- Skrifstofuhald LH

Skrifstofan er sem fyrr opin frá klukkan 9 – 16 alla virka daga og símatími er milli klukkan 10 - 13. Á skrifstofunni vinna í fullu starfi Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Þórdís Anna Gylfadóttir og Haraldur Gunnarsson. Vinnan á skrifstofu LH hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og hefur verkefnum margra nefnda fjölgað. Þar af leiðandi er sífellt brýnni þörf fyrir aðstoð skrifstofu við úrlausn og utanumhald ýmissa mála.

- Nefndir LH

Vísað er í skýrslur frá nefndunum hér seinna í skýrslunni en þar kemur fram að mikið og gott starf hefur verið unnið á síðastliðnum árum.

Fundaraðstaða á skrifstofu LH og fundarsalir hjá ÍSÍ eru mikið nýttir undir nefndarfundum og sérstaklega eftir að aðstaða til fundarhalds var bætt til muna hjá ÍSÍ. Fundarsalir



eru fleiri og fjölbreyttari og aðgengi að þeim auðveldari.

- LM

Miklar umræður spruttu út af þeirri ákvörðun LH að ganga til samstarfs við Fák um LM 2012 í Reykjavík. Það er bæði gott og heilbrigt að hafa hrein og uppbyggileg skoðanaskipti um málefni okkar hestamanna og öllum samtökum til góðs að takast á um málefni sín. Það er líka skylda þeirra sem þátt taka í þeim umræðum að þær séu málefnalegar og uppbyggilegar, snúist um hagsmuni íslenska hestsins til framtíðar.

Vegna þeirra miklu umræðu sem varð út af þessu vali ákvað stjórn LH að fresta ákvörðunartöku um LM 2014 þar til eftir að nefnd sú sem vinnur að endurskoðun á LM hefur skilað skýrslu um verkefnið.

-Smitandi hósti

Hestamenn stóðu frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun á vordögum að þurfa að fresta LM 2010 á Vindheimamelum. Um þessa ákvörðun náðist breið samstaða allra hagsmunaaðila. Það er okkur hestamönnum umhugsunarefni hvernig sóttvörnum er háttað í kringum íslenska hestinn og þá sem við hann starfa. Þeim sóttvarnareglum sem við lýði eru í dag virðist ekki framfylgt af yfirvöldum við komuna til landsins.

- Erlent samstarf

LH hefur verið aðili að FEIF frá stofnun þess árið 1969 og í tímans rás hafa samtökin breyst mikið. Nú er verið að endurskoða markmið og tilgang með starfsemi FEIF og til þess verks hefur verið skipað í 2 nefndir. Önnur nefndin skoðar

tilgang og markmið og hin endurskoðar lög samtakanna. Í FEIF eru nú 19 þjóðlönd með um 60.000 félagi.

Fjórar fastanefndir starfa í FEIF; kynbótanefnd, sportnefnd, Æskulýðsnefnd og menntanefnd, auk þess er fjöldi annarra nefnda sem starfa að sérverkefnum. Mikil starfsemi fer fram í öllum starfsnefndunum og fer hún vaxandi. Sportnefndin t.d. yfirfer og undirbýr keppnisreglur og sér um reglur og reglugerðir fyrir heimsmeistaramót. Kynbótanefnd sér um samræmingu á kynbótareglum milli landa og alþjóða kynbótareglurnar FIZO. Æskulýðsnefnd skipuleggur m.a. Youth CUP og Youth CAMP mót unglunga. Ísland hefur fulltrúa í flestum þessara nefnda og funda þær 2 – 3 sinnum á ári auk aðalfundar FEIF sem haldinn er um miðjan febrúar.

Heimasíða FEIF er www.feif.org og þar er að finna nánari upplýsingar um alla starfsemi samtakanna.

Stjórn LH er einhuga um að rödd íslandshestamennskunnar verði að vera sterk og leiðandi innan FEIF, því þannig getum við komið okkar áherslum á framfæri um leið og við kynnum íslenska hestinn og sýn á umgjörðina utan um hann.

Margir efast um um gildi erlends samstarfs um íslenska hestinn en ef við hestamenn ætlum að vera leiðandi á öllum sviðum hestamennskunnar innan FEIF verðum við að taka þátt í HM, NM, og æskulýðsstarfi. Önnur betri leið til að koma íslenskum áherslum á framfæri í keppni, ræktun, tæningum og almennri umgjörð um hestamenskuna er ekki til.



- Lokaorð

Á undanförunum árum hafa orðið stórstígar framfarir í hestamennsku og hrossarækt á Íslandi. Á þessum 60 ára tímamótum LH er áhugavert að velta fyrir sér því mikla starfi sem hestamannafélögin hafa unnið við að efla alla þætti hestamenskunnar í landinu.

Undanfarið hafa risið um allt land reiðhallir í eigu hestamannafélaganna og félaga þeim tengdum. Það er mikilvægt að félögin geri sambærilega rekstarsaminga við sveitafélög og önnur íþróttafélög um rekstur þessara reiðhalla.

Umfang hestamenskunnar hefur farið stöðugt vaxandi í íslensku samfélagi og hesturinn orðið fyrir valinu hjá sífellt fleiri einstaklingum sem valkostur til að njóta útiveru, keppa, rækta, temja, kenna o.m.fl. LH er þriðja stærsta sérsamband innan ÍSÍ og viljum við meina að ekkert annað sport sé eins fjölskuldurænt þar sem allir geta fundið sér viðfangsefni við hæfi.

Verkefni LH og hestamannafélaganna eru þau sömu og áður, þ.e. reiðvegamála sem stöðugt verða mikilvægari þar sem sótt hefur verið að hestamönnum bæði skipulagslega og öryggislega. Hestamenn verða að standa þétt í ístaðinu svo þeir verði ekki reknir út úr skipulögðum verndarsvæðum og þjóðgörðum.

Æskulýðsmál eru hornsteinninn að því að okkur takist að byggja hestamennsku til framtíðar með eðlilegri endurnýjun. Menntamál eru ávallt mikilvæg hreyfingunni því sífellt fleiri þyrstir í fróðleik til að auka kunnáttu sína í kringum íslenska hestinn. LH mun í samstarfi við FT, LBHÍ, FHB og

Hólaskóla standa fyrir menntaráðstefnu FEIF 2011.

Málaflokkarnir eru margir sem koma að okkur eins og kemur hér fram í skýrslum nefnda og allir eru þeir mikilvægir þó áherslur á þá geti verið misjafnar.

Á þessum 60 ára tímamótum LH þurfum við að ræða áherslur og framtíðarsýn okkar á starfsemi samtakanna.

Ég tel að nú á þessum tímamótum og við þær aðstæður sem eru í okkar þjóðfélagi þurfi félögin aldrei sem fyrr að verja hag sinna félagsmanna með góðu samstarfi við sveitarfélögin og aðra sem að málefnum okkar koma.

Mér finnst stundum sem það gleymist að sú staða og umgjörð hestamenskunnar í dag, er fyrst og fremst að þakka þróttmiklu starfi hestamannafélaganna í landinu. Þar koma þar vissulega aðrir einnig að, en á vettvangi félaganna og LH hafa þeir gluggar verið búnir til sem mestu máli skipta fyrir þróun hestamenskunnar í framtíðinni bæði hér heima og erlendis.

Góðir hestamenn það skiptir okkur miklu máli að hér sem áður á þingum LH fari fram málefnaleg umræða þar sem við setjum okkur markmið til framtíðar.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar þakka öllu því frábæra fólki sem unnið hefur að eflingu hestamenskunnar fyrir þeirra framlag við þær erfiðu aðstæður sem uppi eru í íslensku samfélagi í dag.

Minni á slagorð LH að hestamennska sé allt í senn íþrótt, menning og lífsstíll og hún færi



miljarðatekjur í ríkissjóð sem ekki veitir af í dag.

Að lokum vill ég fyrir hönd stjórnar þakka öllu því frábæra fólki sem hefur unnið með óeigingjörnum hætti að eflingu hestamenskunnar fyrir þeirra framlag og minni á slagorð LH að hestamennska sé allt í senn íþrótt,menning,lífstíll og þannig færir hún miljarða tekjur í ríkissjóð sem ekki veitir af í dag.